



**85. fundur Fjölskylduráðs Múlaþings  
haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, þriðjudaginn 31.  
október 2023  
og hófst hann kl. 12:30**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Gunnarsson formaður, Guðmundur Björnsson  
Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll  
Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti  
Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Þórey  
Birna Jónsdóttir varamaður, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri,  
Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri, Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íþrótt- og  
æskulýðsstjóri, Aðalheiður Árnadóttir starfsmaður fjölskyldusviðs, Björn  
Ingimarsson sveitarstjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður  
fjölskyldusviðs og Marta Wium Hermannsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

**Fundargerð ritaði:** Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri

**Dagskrá:**

**1. 202303224 - Tillögur að frístundþjónustu í Múlaþingi**

Starfsmenn fjölskyldusviðs hafa lagt fram nýjar tillögur er varða lengda viðveru fyrir börn með fötlun. Tillögurnar fela í sér 13 milljóna króna viðauka við fjárhagsramma ársins 2024. Fjölskylduráð samþykkir framlagðar tillögur og vísar málinu til fullnaðar afgreiðslu hjá byggðaráði.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**2. 202309111 - Gjaldskrár 2024**

Tekin er til umfjöllunar hækkun á gjaldskrár félagsþjónustu Múlaþings fyrir árið 2024. Fjölskylduráð leggur til 3,5% hækkun á gjaldskrár félagsþjónustu.

Samþykkt samhljóða.

**3. 202310061 - Erindisbréf fyrir stýrihóp Okkar heims**

Borist hefur erindi frá samtökunum Okkar heimur sem styður við foreldra með geðrænan vanda og börn þeirra. Samtökin hafa verið með starfsemi í Reykjavík undanfarin þrjú ár og hyggjast setja á fót sambærilegt úrræði á Akureyri sem ætlað er að þjóna austur- og norðurhluta landsins. Óskað hefur verið eftir fulltrúa frá félagsþjónustu Múlaþings í stýrihóp vegna verkefnisins. Félagsmálastjóri mun sitja fund um málið í janúar mánuði á komandi ári.

Lagt fram til kynningar.

**4. 202308168 - Gott að eldast, förum alla leið, samþætt þjónusta í**



### heimahúsum

Borist hefur erindi frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu þess efnis að Múlaping og HSA hafi verið valin til þátttöku í verkefninu Gott að eldast. Lagt fram til kynningar.

5. **202310176 - Tilmæli félags- og vinnumarkaðsráðherra - Aðstoð við útlendinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn**

Lagt er fram til kynningar erindi frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu er varðar þjónustu sveitarfélaga við útlendinga sem hafa fengið endanlega synjun á umsókn um alþjóðlega vernd á Íslandi og eiga ekki rétt á þjónustu á grundvelli 33. gr. laga um útlendinga.

6. **202309135 - Beiðni um styrk til breytinga á leigubifreið til nota fyrir fólk í hjólastól**

Móttækin er beiðni Ásgríms Ásgrímssonar um styrk til breytinga á bíl með hjólastólaaðgengi svo hægt sé að veita fólk með fötlun betri þjónustu. Fjölskylduráð hafnar beiðninni þar sem hún fellur ekki undir starfsemi fjölskyldusviðs eða fjárhagsramma þess.

7. **202309012 - Beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta árið 2024**

Móttækin er beiðni Stígamóta um fjárstuðning fyrir starfsemina á komandi ári. Samþykkt er að veita Stígamótum 100.000,- kr. styrk fyrir starfsárið 2024. Greitt af lið 9160.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

8. **202305269 - Skýrsla félagsmálastjóra 2023**

Félagsmálastjóri reifar málefni sviðsins.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30**

